



# Eftirlit með snyrtivörum

*Eftirlit með merkingum og  
innihaldsefnum öskudags- og  
hrekkjavökulita – seinni hluti*

# Formáli

Mikilvægt er að tryggja að öskudags- og hrekkjavökulitir sem og aðrar snyrtivörur á markaði séu öruggar og uppfylli kröfur reglugerðar um snyrtivörur nr. 577/2013. Einkum er mikilvægt að ganga úr skugga um að slíkir litir innihaldi eingöngu leyfileg efni og umbúðir þeirra séu rétt merktar ekki síst í ljósi þess að þeir eru að stórum hluta markaðssettir fyrir börn.

Ákveðnar kröfur gilda um merkingar umbúða og takmarkanir gilda. Fimm gerðir parabena bannaðar í snyrtivörum árið 2014 og má ekki selja vörur sem innihalda eitt eða fleiri þessara efna frá og með 30. júlí 2015. Um er að ræða isopropylparaben, isobutylparaben, phenylparaben, benzylparaben og pentylparaben. Annað dæmi er að ef snyrtivara inniheldur talkúm mega börn yngri en 3ja ára ekki nota vöruna og skal merkja hana með þeim hætti.

Með þessu verkefni sinnir stofnunin einu af hlutverki sínu skv. efnalögum, nr. 61/2013, sem er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir lög.

## 1. Tilgangur og markmið

- Farið var í þennan hluta verkefnisins í október í tilefni af Hrekkjavöku og megin markmið þessa verkefnis var að að fylgja eftir því eftirliti sem fór fram í febrúar.
- Að skoða merkingar og innihaldslýsingu á umbúðum öskudags- og hrekkjavökulita hjá birgjum og söluaðilum í þeim verslunum þar sem athugasemdir höfðu verið gerðar í fyrri hluta eftirlitsins í þeim tilgangi að athuga hvort slíkar vörur uppfylli kröfur og takmarkanir gildandi reglugerða um snyrtivörur. Um er að ræða vörur á borð við húðliti og farða, lituð hársprey og hárliti.
- Að ganga úr skugga um að ösku- og hrekkjavökulitir séu skráðir í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP vefgáttina)
- Að fræða birgja og söluaðila um reglugerðir sem gilda um snyrtivörur og kröfur um merkingar og takmarkanir um innihaldsefni.
- Að auka neytendavernd.

## 2. Framkvæmd

Á tímabilinum 9. – 18. febrúar 2015 höfðu starfsmenn Umhverfisstofnuna farið eftirlitsferðir skv. lista sem var útbúinn yfir fyrirtæki sem flytja inn snyrtivörur er ætla má að séu fyrir öskudag- og/eða hrekkjavöku, alls sjö fyrirtæki. (Sjá nánar fyrri samantektarskýrslu um verkefnið).

Í þessum seinni hluta verkefnisins sem fór fram á þann 27. október 2015 var farið í þrjú þeirra fyrirtækja sem höfðu verið með flest frávik í eftirlitinu í febrúar sbr. töflu hér að neðan.

<b>Birgjar</b>
Hókus pókus ehf., Reykjavík
Ísey ehf., Reykjavík
Afbragðs ehf. (verslun: Partýbúðin), Reykjavík

Í eftirliti var afhent bréf og kvittun fyrir eftirlitinu. Í bréfinu var skýrt frá verkefninu, ástæðum þess og hlutverki Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 577/2013 og (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur.

Hjá hverju fyrirtæki voru skoðaðar stikkprufur af öskudags- og hrekkjavökulitum, metið hverju sinni út frá fjölda vara og fjölbreytileika þeirra. Ljósmyndir voru teknar af umbúðum stikkprufa og öllum merkingum.

Við skoðun merkinga var athugað hvort þær uppfylltu 3 gr. reglugerðar nr. 577/2013 og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009. Einnig var farið yfir efnin í innihaldslýsingu m.t.t. til viðauka reglugerðar Evrópusambandsins og athugað hvort einhver þeirra eru á bannlista (II. viðauka) eða hvort takmarkanir gilda um þau eða kröfur um ákveðnar merkingar skv. öðrum viðaukum reglugerðarinnar. Hér á eftir eru skyldubundnar merkingar taldar upp:

- Geymsluþol
- Hlutverk vöru (skal koma fram ef umbúðirnar gefa það ekki skýrt til kynna).
- Innihaldslýsing
- Umbúðastærð?!
- Nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila
- Númer framleiðslulotu
- Upprunaland (ef vara er flutt inn á EES svæðið).

Frávik og/eða athugasemdir voru skráðar í reiti á eftirlitseyðublaði og hvaða úrbætur eigi að fara fram ef við á. Eftirlitsskýrslur og bréf voru send til birgja 4. og 12. nóvember og 8. desember 2015.

Í bréfi til birgja með frávik var greint frá niðurstöðum eftirlitisins, bent á hvaða reglugerðir gilda um snyrtivörur, hvaða vörur uppfylltu ekki kröfur um merkingar, ef við á, og að veittur væri frestur til úrbóta til ákveðinnar dagsetningar (um tveimur vikur eftir dagsetningu bréfs). Einnig kom þar fram að Umhverfisstofnun sé heimilt að beita tilteknum þvingunarúrræðum til að knýja á um úrbætur skv. efnalögum og bent á að viðkomandi fyrirtæki hefði frest til ákveðinnar dagsetningar til að koma

sjónarmiðum sínum á framfæri sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Auk þess var bent á að fyrirtækjum væri velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar og leiðir til úrbóta vegna frávíka.

Í bréfi til birgja án frávíka var greint frá niðurstöðum eftirlitsisins, að Umhverfisstofnun geri engar athugasemdir, auk þess sem minnt var á gildandi reglugerðir um snyrtivörur.

## 3. Helstu niðurstöður

Alls var 21 vörutegund skoðuð í þessum seinni hluta verkefnisins hjá áðurnefndum 3 fyrirtækjum, 11 vörur í einu og 5 vörurnar í hvoru hinna. Í einu fyrirtæki fundust engin frávík en í hinum reyndist úrbóta þörf varðandi 11 vörutegundir eða 52,4 % þeirra sem voru í úrtakinu. Þrjár vörur reyndust innihalda ísobútylparaben, en bannað er að nota það í snyrtivörum og voru fyrirtækin krafín um að taka þessar vörur úr sölu. Önnur frávík voru á þá leið að á umbúðir vantaði upplýsingar um ábyrgðaraðila innan Evrópska efnahagssvæðisins, geymsluþol og númer framleiðslulotu og þá að varan væri ekki skráð í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP vefgáttina). Gerðar voru kröfur til birgja um úrbætur á þessum merkingum og um skráningu í vefgáttina.

<b>Þáttur</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall (%)</b>
Fyrirtæki í úrtaki	3	
Fyrirtæki án frávíka	1	
Snyrtivörur í úrtaki	21	
Snyrtivörur án frávíka	10	47,6
Snyrtivörur með frávík	11	52,4

Frávikin sem fundust voru fyrst og fremst hjá einu fyrirtækjanna þar sem 9 af þeim 11 vörum sem voru skoðaðar á staðnum voru með frávík. Annað fyrirtæki var með tvær vörutegundir sem innihéldu bannað paraben (frá 30. júlí 2015) og voru þær fjarlægðar úr sölu á staðnum. Frávikin voru flest á vörum sem fluttar eru inn frá löndum utan EES svæðisins. Sá birgir sem hafði flest frávík er enn að vinna að úrbótum sinna mála og er málið í ferli hjá Umhverfisstofnun.

Viðbrögð fyrirtækja við niðurstöðu eftirlits voru í nær öllum tilfellum jákvæð og samskipti við Umhverfisstofnun góð.

Þegar fyrirtæki hafa sýnt fram á úrbætur við frávikum er þeim sent málslokabréf þar sem tekið er fram að viðkomandi fyrirtæki hefði uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru og að Umhverfisstofnun geri ekki frekari athugasemdir.

5. febrúar 2016

Einar Oddsson, sérfræðingur